



E 16/2021

Fyrirspyrjandi: Mikko Kinnunen (cent)
Til: Norrænu ráðherranefndarinnar

Til Norrænu ráðherranefndarinnar

**Skrifleg fyrirspurn
um breytingar á vinnumarkaði og símenntun**

Vinnumarkaðurinn á Norðurlöndum stendur frammi fyrir sögulegum breytingum. Stafvæðing, loftslagsbreytingar og þróun í tæknimálum hefur í för með sér mikla þörf á símenntun vinnuafis. Símenntun eða ævinám er ekki lengur bara spariorð heldur er um nauðsyn að ræða eigi norræn samfélög að geta endurnýjað sig og viðhaldið þeirri velferð sem einkennir þau.

Í byrjun maí 2021 fengu ráðherrar vinnumála á Norðurlöndum í hendur skýrslu undir yfirskriftinni „The Future of Work in the Nordic countries“. Efni skýrslunnar lýtur að hinu sama og ILO, Alþjóðavinnuálagstofnunin (International Labour Organization), hafði til umfjöllunar í tengslum við 100 ára afmæli sitt árið 2019.

Norræna skýrslan varpar ljósi á breytingar á vinnumarkaði út frá sjö mismunandi sjónarhornum og tengir tækifæri og ógnir á Norðurlöndum við þessar breytingar.



Með hliðsjón af þessari nýútkomnu skýrslu beini ég eftirfarandi spurningum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Til hvaða beinu aðgerða hyggst Norræna ráðherranefndin grípa með tilliti til skýrslunnar „The Future of work in the Nordic countries“ og þeirra tilmæla sem fram koma í henni?
- Hvernig metur Norræna ráðherranefndin tækifæri nýkominna einstaklinga til að aðlagast norrænum samfélögum í gegnum framhaldsmenntun frá láglæunastörfum til viðurkenndra starfsréttinda?
- Hvaða hlutverk leika alþýðumenntun og lýðháskólar, svo eitthvað sé nefnt, í þessari heildarmynd sem stuðlar að því að öll geti aukið við starfshæfni sína, endurmenntað sig og aðlagast nýjum vinnumarkaði?
- Hvaða færni og þekkingu sem vinnumarkaður framtíðarinnar þarfnast getur norrænt samstarf ýtt undir?

Helsingfors 1.7.2021

Mikko Kinnunen (cent)